

Mál nr. 116/2019**M og
V vegna ábyrgðartryggingar A****Ágreiningur um bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu vegna tjóns á ökutæki.****Gögn.**

Málskot dags. 25.03.2019 ásamt fylgiskjölum.

Bréf V dags. 04.04.2019 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Hinn 22. október 2018 sótti vörubifreið í eigu M farm til A en eggjagrindur frá öðru fyrirtæki voru þá fyrir í kassa bifreiðarinnar. Í þeim tilgangi að ferma bifreiðina hafi vörukassi hennar verið opnaður, þannig að öll hlið hans laukst upp. Hafi því, að sögn M, allur farmur bifreiðarinnar verið sýnilegur. Þrátt fyrir það hafi X, stjórnandi lyftara hjá A, raðað fiskikörum í kassa bifreiðarinnar líkt og hann væri tómur, en við það hafi hliðin á honum gengið út og stórskemmst. M tekur fram að bílstjóri vörubifreiðarinnar hafi verið staddur inni í vörukassa hennar meðan þetta átti sér stað og reynt að stöðva X og vara hann við, en án árangurs. Ráða má að M telji X hafa sýnt af sér gáleysi við störf sín umrætt sinn og því sé bótaskylda úr ábyrgðartryggingu A fyrir hendi.

V telur að ekki hafi verið sýnt fram á sök X, og engin gögn hafi verið lögð fram er sýni fram á að ökumaður vörubifreiðarinnar hafi varað X við. Þá hafi, að sögn A, skapast hefð fyrir því verklagi að ökumenn fari einir í vörukassa bifreiða og rými þar fyrir fiskikörum, og sé það því á ábyrgð þeirra að tryggja gott aðgengi og að aðskotahlutir valdi ekki tjóni. Eina aðkoma lyftaramanns sé að koma körunum inn í vörukassa og sé það gert með þeim hætti að tvær raðir af körum séu settar hlið við hlið í kassann. Það hafi því verið á ábyrgð ökumanns bifreiðarinnar að tryggja að ferming hennar gæti átt sér stað með hefðbundnum hætti. Er því bótakröfu M hafnað.

Álit:

Ágreiningur málsins lýtur að því hvort tjón á bifreið í eigu M megi rekja til saknæmra athafna af hálfu X, starfsmanns A. Ljóst er að tjón varð við það að X, sem ók lyftara með fiskikörum, setti of mörg kör inn í vörukassa bifreiðarinnar, þannig að eggjagrind sem var fyrir í bifreiðinni þrýstist að hlið kassans með þeim afleiðingum að hún gekk út. Kemur þá til skoðunar hvort sú háttsemi hafi falið í sér gáleysi af hálfu X. Þar sem ekki eru til neinar sérstakar verklagslýsingar um lestun og affermingu flutningabíla sem flytja vörur fyrir A, og ekki hefur verið nægilega sýnt fram á hvaða hefðir hafa skapast í því sambandi, t.a.m. með vitnisburði eða öðrum gögnum, verður að telja að X hafi borið ábyrgð á verklaginu umrætt sinn og sýnt af sér gáleysi með því að ferma bifreiðina á þennan hátt án þess að gæta að hugsanlegri fyrirstöðu. Er bótaskylda úr ábyrgðartryggingu A hjá V því fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 30. apríl 2019

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.